

Sumarið í 1,6 milljarða hagnaði hjá **PLAY**

Flugfélagið PLAY skilaði 1,6 milljarða króna hagnaði eftir sumarið 2023. Þetta kom fram á upplýsingafundi félagsins í dag þar sem farið var yfir lykiltölur í rekstri. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið skilar hagnaði af rekstri eftir skatta að lokinni sumarvertíð. Það sýnir að PLAY var arðbært félag í sumar og að viðskiptamódel þess sé að sanna sig.

Hagnaðurinn á sumarmánuðunum 2023, júní til ágúst, var 12 milljónir bandaríkjadala, sem er 1,6 milljarðar íslenskra króna, samanborið við 3 milljóna dala tap, 400 milljónir króna, á sama tímabili í fyrra. Viðsnúningurinn nemur því um tveimur milljörðum króna úr tapi í hagnað.

Tekjur nær tvöfaldast

Tekjur á sumarmánuðunum 2023 voru nær tvöfalt hærrí en á sama tímabili árið 2022. Tekjur félagsins fóru úr 63 milljónum dala, 8,6 milljörðum króna, í 116 milljónir dala, tæplega 16 milljarða króna, á sumrinu 2023. Þrátt fyrir yfir 70% aukningu á sætisframboði þá náði félagið að auka einingatekjur á hvern sætiskílómetra (RASK) um sumarið sem er merki um hversu sterkri stöðu félagið hefur náð á sínum lykilmörkuðum á skömmum tíma. PLAY var með 89% sætanýtingu sumarið 2023, sem er mun hærrí nýting en hjá helstu samkeppnisaðilum félagsins.

PLAY flutti 537 þúsund farþega í sumar og var með stundvísi upp á 83,9%, sem sýnir að flugreksturinn gekk vel þrátt fyrir að umsvif félagsins hafi aukist töluvert á tímabilinu. Félagið tók inn fjórar nýjar farþegaþotur og bætti við sig 13 áfangastöðum fyrir sumarið.

Hagnaður á þriðja ársfjórðungi

Mat stjórnenda á niðurstöðu þriðja ársfjórðungsins sýnir að rekstrarhagnaður verði um 10 milljónir bandaríkjadala, 1,3 milljarðar íslenskra króna, samanborið við 1,3 milljónir dala, 180 milljónir króna, á þriðja ársfjórðungi árið 2022. Viðsnúningurinn nemur því að minnsta kosti um 1,1 milljörðum króna á milli ára. Þetta mat er byggt á stjórnendauppgjörum á fyrstu tveimur mánuðum þriðja ársfjórðungs og spá um niðurstöðu september.¹ Samkvæmt því sér PLAY fram á að skila 4 milljóna bandaríkjadala, um 550 milljóna íslenskra króna, hagnaði á þriðja ársfjórðungi.

PLAY áætla að handbært fé verði um 39 milljónir bandaríkjadala, nærri 5,3 milljarðar íslenskra króna, við lok þriðja ársfjórðungs. Fjárhagsstaða félagsins er því sterk og félagið þarf ekki aukið fé til rekstursins. Félagið áætla að handbært fé í árslok verði um 28 milljónir dala, 3,8 milljarðar króna, og er því sjóðsstreymi vegna reksturs félagsins í jafnvægi, að teknu tilliti til fjárfestinga við stækkun flota félagsins.

¹ Allar fjárhagslegar áætlanir eru byggðar á greiningu stjórnenda á þeim tíma sem þessi kynning var gerð. Slíkar áætlanir eru háðar ýmsum óvissuþáttum, þar á meðal en ekki takmarkað við olíuverð, eftirspurn farþega, samkeppni og alþjóðlegt þjóðhagslegt umhverfi.



Hátt í fimm milljarða króna viðsnúningur

PLAY býst við að flytja um 1,5 milljónir farþega árið 2023 og að rekstrartap á árinu verði um 10 milljónir bandaríkjadala. Í því samhengi má benda á að félagið skilaði rekstrartapi upp á 44 milljónir bandaríkjadala á árinu 2022, og því nemur viðsnúningur um 34 milljónum bandaríkjadala, eða um 4,6 milljörðum íslenskra króna. Þá gerir félagið ráð fyrir tekjum í ár sem nema um 280 milljónum bandaríkjadala, rúmlega 38 milljörðum íslenskra króna. Kostnaður á hvern sætiskílómetra án eldsneytiskostnaðar (CASK Ex Fuel) er áætlaður um 3,7 sent fyrir allt árið 2023.

Horfur 2024

PLAY áætlar að flytja um 1,8 milljónir farþega á árinu 2024. Áætlaðar tekjur verða um 340 milljónir bandaríkjadala, sem eru um 47 milljarðar íslenskra króna. Félagið áætlar að skila rekstrarhagnaði á árinu 2024. Þá mun kostnaður á hvern sætiskílómetra án eldsneytiskostnaðar (CASK Ex Fuel) einungis hækka í takt við verðbólgu þrátt fyrir um 1% hækkun á kostnaði 2024 vegna breytinga á launakjörum flugfólks sem tilkynnt var um nýlega.

PLAY hefur tryggt sér tvær farþegaþotur fyrir árið 2025 sem mun stækka flotann í 12 þotur af A320neo fjölskyldunni frá Airbus. Mat á frekari aukningu á sætisframboði stendur yfir.

Birgir Jónsson, forstjóri:

„Nú þegar við nálgumst enda sumarvertíðarinnar, horfum við stolt um öxl á frammistöðu PLAY yfir sumarmánuðina og björtum augum á framtíðina. Við sjáum nú sterka fjárhagslega niðurstöðu þar sem tekjurnar nærri tvöfölduðust frá fyrra ári og félagið skilar 12 milljóna bandaríkjadala hagnaði á sama tímabili. Það er viðsnúningur frá tapi upp á 15 milljónir bandaríkjadala frá því í fyrra.

Við gerum ráð fyrir að nánast tvöfalda tekjurnar í þriðja ársfjórðungi og að rekstrarafkoman verði nær tíu sinnum hærra en í fyrra, ásamt því að PLAY skili hagnaði í fyrsta sinn í ársfjórðungi. Sú staðreynd að við höfum náð að halda kostnaði lágum á sama tíma og tekjur á hvern floginn kílómetra aukast, samhliða nærri tvöföldun á sætisframboði, sýnir fram á hversu góðri fóttfestu við höfum náð á lykilmörkuðum okkar og gefur okkur byr undir báða vængi fyrir komandi tíma.

Lausafjárstaða okkar er góð og þegar tekið hefur verið tillit til fjárfestinga í stækkun flota er sjóðstreymi í jafnvægi. Þess vegna ætlum við ekki sækja aukið hlutfé við núverandi markaðsaðstæður. Eftir að hafa stækkað hratt á skömmum tíma höfum við náð þeirri stærð sem stefnt var að til að reka skilvirkt og arðbært félag og getum nú einblínt á að auka hagkvæmni enn frekar. Ég vil þakka öllu starfsfólki PLAY fyrir framúrskarandi vinnu og óska þeim til hamingju með þeirra afrek og árangur.”

Fundargögn má finna á www.flyplay.com/investors-relations